



10. fundur stjórnarnefndar Þjóðskjalasafns Íslands fimmtudaginn 21. febrúar 2019 kl. 12 haldinn í húsakynnum safnsins að Laugavegi 162 í Reykjavík.

Fundinn sátu Anna Agnarsdóttir formaður, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Gunnar Örn Hannesson, Svanhildur Bogadóttir og Ágúst Sigurðsson í forföllum Gunnars Gíslasonar. Guðmundur Jónsson og varamaður hans boðuðu forföll. Enn fremur sátu fundinn Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður, Anna Elínborg Gunnarsdóttir fjármálastjóri og Njörður Sigurðsson sviðsstjóri upplýsinga- og skjalasviðs sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Uppgjör ársins 2018, rekstraráætlunar og starfsáætlunar.
2. Rekstraráætlun (ársáætlun) 2019.
3. Þriggja ára stefna Þjóðskjalasafns 2019–2021.
4. Rekstrarframlög til héraðsskjalasafna 2019 og 2020.
5. Skönnunar- og miðlunarverkefni héraðsskjalasafna 2018.
6. Starfsáætlun 2019.
7. Stefnumótun Þjóðskjalasafns 2019–2023.
8. Húsnæðismál Þjóðskjalasafns.
9. Niðurstöður eftirlitskönnunar á skjalahaldi 20 sveitarstjórnarskrifstofa.
10. Jafnlaunavottun Þjóðskjalasafns.
11. Heimsókn mennta- og menningarmálaráðherra í janúar 2019.
12. Nýtt skönnunarverkefni Þjóðskjalasafns og Ríkisskjalasafns Dana.
13. Frágangur fundargerðar.

Anna Agnarsdóttir formaður setti fund, fyrsta fund núverandi stjórnarnefndar, og bauð fundarmenn velkomna. Síðan var gengið til boðaðrar dagskrár.

1. Uppgjör ársins 2018, rekstraráætlunar og starfsáætlunar.

Þjóðskjalavörður bað fjármálastjóra að gera grein fyrir rekstri safnsins árið 2018. Hann gerði grein fyrir að rúmlega 2 m.kr. hefðu verið í rekstrarafgang á árinu miðað við stöðu uppgjörs nú. Endanlegur reikningur fyrir árið 2018 liggur ekki fyrir. Þjóðskjalavörður kynnti uppgjör á starfsáætlun Þjóðskjalasafns árið 2018. Í máli þjóðskjalavarðar kom fram að í starfsáætlun 2018 voru alls 191 verkliðir. Af þeim lauk að fullu (48) eða að mestu (21) alls 69 liðum. Alls var 54 liðum frestað af ýmsum ástæðum heldur fleiri liðir en frestað var á árinu 2017 eða 32. Aðrir liðir voru komnir skemur áleiðis, margir á áætlun eða viðvarandi vinna sem ekki er auðvelt að setja tölur á. Miklar annir vegna undirbúnings og framkvæmdar stórrar ráðstefnu (norraenu skjaladaganna) sem haldin var í maí og sýningarhalds og hátíðahalda vegna 100 ára fullveldisafmælis voru mun umfangsmeiri en séð var fyrir. Þeir atburðir tókust hins vegar afar vel.



Til máls tóku Anna Elínborg Gunnarsdóttir, Eiríkur G. Guðmundsson, Gunnar Örn Hannesson, Anna Agnarsdóttir, Ágúst Sigurðsson og Svanhildur Bogadóttir.

2. Rekstraráætlun (ársáætlun) 2019.

Þjóðskjalavörður og fjármálastjóri kynnti fjárveitingar og rekstraráætlun ársins 2019. Í ár er framlag ríkissjóðs til safnsins 361,4 m.kr. Af því eru kr. 31,5 m.kr. rekstrar- og verkefnastyrkir til héraðsskjalasafna. Áætlaðar sértekjur safnsins árið 2018 eru um 59 m.kr. Langstærsti útgjaldaliður safnsins er launakostnaður eða um 306 m.kr. Þjóðskjalavörður greindi frá því að mennta- og menningarmálaráðuneytið hefði samþykkt áætlun safnsins og greint frá því að framlag safnsins hækkað um 6,2 m.kr. á milli ára.

Til máls tóku Eiríkur G. Guðmundsson, Anna Elínborg Gunnarsdóttir, Ágúst Sigurðsson, Anna Agnarsdóttir, Gunnar Örn Hannesson og Svanhildur Bogadóttir.

3. Þriggja ára stefna Þjóðskjalasafns 2019–2021.

Þjóðskjalavörður kynnti þriggja ára stefnu Þjóðskjalasafns 2019–2021. Stefnan er gerð í samræmi við 31. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015 og er ætlað að kallast á við stefnu í þeim málaflokki sem Þjóðskjalasafn tilheyrir eins og hún birtist í fjármálaáætlun. Það er því ekki gert ráð fyrir að stefnan nái utan um starfsemi ríkisaðila í heild sinni heldur endurspegli áherslur stjórnvalda hverju sinni og geri grein fyrir því hvernig ríkisaðili mun vinna að þeim markmiðum sem sett hafa verið. Í stefnu Þjóðskjalasafns 2019–2021 er að finna þrjú markmið safnsins í kjarnastarfsemi annars vegar og þrjú markmið í rekstri hins vegar.

Til máls tóku Eiríkur G. Guðmundsson, Anna Elínborg Gunnarsdóttir og Gunnar Örn Hannesson.

4. Rekstrarframlög til héraðsskjalasafna 2019 og 2020.

Þjóðskjalavörður greindi frá því að framlög til héraðsskjalasafna úr ríkissjóði væru kr. 31.500.000 sem væru ætlaðir til rekstrarstyrkja og verkefnastyrkja. Þjóðskjalasafni Íslands væri falið að úthluta styrkjunum. Verkefnastyrkur nemur kr. 16.300.000. Rekstrarstyrkur nemur kr. 15.200.000 og er honum úthlutað skv. reglu sem samþykkt var á fundi Þjóðskjalasafns Íslands og héraðsskjalasafna fyrir nokkrum árum. Reglan felur í sér að helmingi styrksins er úthlutað jafnt til allra 20 héraðsskjalasafna. Hinum helmingi rekstrarstyrksins er úthlutað til héraðsskjalasafna sem eru með eitt stöðugildi eða fleiri. 16 héraðsskjalasöfn hafa eitt stöðugildi eða fleiri og fá því hvert í rekstrarstyrk kr. 855.000. Fjögur héraðsskjalasöfn hafa minna en eitt stöðugildi og fá hvert kr. 380.000 í rekstrarstyrk.

Þjóðskjalavörður kynnti jafnframt nýjar reglur um úthlutun rekstrarstyrks til héraðsskjalasafna sem hann setti 20. desember 2018 en úthlutun samkvæmt þeim verður í fyrsta skipti árið 2020. Með nýjum reglum er rekstrarstyrk úthlutað á grundvelli íbúafjölda í umdæmi héraðsskjalasafns og fjölda



stöðugilda hjá hverju héraðsskjalasafni. Þannig er tekið meira tillit til umfangs starfseminnar en í núgildandi úthlutunarreglum.

Til máls tóku Eiríkur G. Guðmundsson, Anna Agnarsdóttir, Gunnar Örn Hannesson, Svanhildur Bogadóttir, Jóhanna Gunnlaugsdóttir og Ágúst Sigurðsson.

5. Skönnunar- og miðlunarverkefni héraðsskjalasafna 2018.

Þjóðskjalavörður og fjármálastjóri gerðu grein fyrir stöðu verkefnastyrkja til héraðsskjalasafna árið 2018. Styrkfé til miðlunar og skönnunar á héraðsskjalasöfnum árið 2018 nam kr. 16.200.000 á árinu (fskj, 7). Auglýst var eftir umsóknum um styrki til verkefna þann 13. febrúar 2018 með umsóknarfresti til 15. mars. Við úthlutun styrkja árið 2018 nutu forgangs umsóknir um skönnun og miðlun skjala, frá því fyrir 1937. Umsóknir um skönnun og miðlun skjala, sem tvö eða fleiri söfn standa að, komu einnig til álita. Viðkomandi safn eða söfn þurfa að geta lokið yfirstandandi verkefni innan árs frá úthlutun. Styrkur er ekki greiddur út fyrr en lok fyrri verkefnis eru staðfest. Ef ekki tekst að hefja verkefnið á árinu 2018, fellur styrkurinn niður og verður því fé endurúthlutað næsta ár. Í úthlutunarnefnd fyrir verkefnastyrki héraðsskjalasafna sitja Anna E. Gunnarsdóttir fjármálastjóri á Þjóðskjalasafni, Unnar Ingvarsson sérfræðingur á Þjóðskjalasafni og Magnús Karel Hannesson fyrrum sviðsstjóri hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Alls bárust 18 umsóknir frá 11 héraðsskjalasöfnum og var óskað eftir styrkjum fyrir samtals kr. 32.185.880. Úthlutað var í 14 verkefni en fjórum var hafnað. Hæsti styrkurinn nam kr. 2.000.000 en sá lægsti kr. 200.000.

Fyrir árin 2016–2018 eru alls ógreiddir styrkir til héraðsskjalasafna kr. 2.126.000, þar af kr. 1.860.000 fyrir árið 2018.

Þann 11. febrúar sl. var auglýst eftir umsóknum um styrki til skönnunar og miðlunar með umsóknarfresti til 15. mars nk.

Til máls tóku Eiríkur G. Guðmundsson, Anna Elínborg Gunnarsdóttir, Anna Agnarsdóttir og Svanhildur Bogadóttir.

6. Starfsáætlun 2019.

Þjóðskjalavörður kynnti starfsáætlun ársins 2019. Í ár eru sett fram 34 markmið sem ætlunin er að ná á árinu, þar af eru 14 á upplýsinga- og skjalasviði, 14 á varðveislu- og miðlunarsviði, 3 á skrifstofu rekstrarsviðs og 3 í húsnæðismálum. Alls 175 verkliðir.

Til máls tóku Eiríkur G. Guðmundsson, Anna Agnarsdóttir, Jóhanna Gunnlaugsdóttir og Gunnar Örn Hannesson.



7. Stefnumótun Þjóðskjalasafns 2019–2023.

Þjóðskjalavörður kynnti drög að stefnumótun Þjóðskjalasafns 2019–2023. Hún er byggð á grunni eldri stefnumótunar safnsins fyrir árin 2014–2018. Gert er ráð fyrir að ný stefnumótun verði sett á fyrri hluta þessa árs.

Til máls tóku Eiríkur G. Guðmundsson, Anna Agnarsdóttir, Gunnar Örn Hannesson og Ágúst Sigurðsson, Jóhanna Gunnlaugsdóttir og Svanhildur Bogadóttir.

8. Húsnæðismál Þjóðskjalasafns.

Þjóðskjalavörður gerði grein fyrir stöðu húsnæðismála Þjóðskjalasafns. Allt frá árinu 2013 hefur verið í undirbúningi að gera gagngerar endurbætur á einu geymsluhúsnæði Þjóðskjalasafns Íslands, svokölluðu húsi 5 við Laugaveg 164. Endurbætur hússins myndu auka geymslupláss Þjóðskjalasafns um 15.000 hillumetra. Upphaflegar áætlanir stefndu að því að húsið yrði tilbúið til notkunar árið 2017. Hönnun, öflun byggingarleyfa og gerð útboðsgagna drógst nokkuð og uppfærð áætlun gerði ráð fyrir að endurbætur yrðu boðnar út í ársbyrjun 2018 og framkvæmdir gætu hafist á vormánuðum og síðar sama ár gæti varsla gagna hafist þar í hluta hússins. Þessar áætlanir hafa ekki gengið eftir og útboð á verkinu hefur ekki enn farið fram. Snemma 2018 var safninu því nauðugur sá kostur að hætta að samþykkja nýjar afhendingar umfram það sem var þá búið að samþykkja. Nú ári síðar hefur þessi staða ekki breyst. Árið 2018 fékk safnið 12,5 m.kr. til að kaupa þéttiskápa og auka geymslupláss um 800 hillumetra. Sú aðgerð lagaði stöðuna en dugar ekki til lengri tíma. Þjóðskjalavörður kynnti erindi sem hann sendi nýlega til mennta- og menningarmálaráðuneytisins og ítrekaði óskir safnsins um úrbætur; að hús 5 yrði endurnýjað, að keyptir yrðu fleiri þéttiskápar og að fé fengist til lagfæringar á lóð safnsins og lestrarsal. Niðurstöður ráðuneytisins liggja ekki fyrir.

Til máls tóku Anna Agnarsdóttir, Eiríkur G. Guðmundsson, Gunnar Örn Hannesson, Ágúst Sigurðsson, Jóhanna Gunnlaugsdóttir og Svanhildur Bogadóttir.

9. Niðurstöður eftirlitskönnunar á skjalahaldi 20 sveitarstjórnarskrifstofa.

Þjóðskjalavörður gerði grein fyrir að í lok nýliðins árs kom út skýrsla með niðurstöðum eftirlitskönnunar Þjóðskjalasafns Íslands um skjalavörslu og skjalastjórn sveitarstjórnarskrifstofa sem eru afhendingarskyldar til safnsins. Könnunin fór fram í nóvember og desember 2017 og lauk úrvinnslu úr innsendum gögnum nýlega. Þetta er í fyrsta skipti sem Þjóðskjalasafn kannar stöðu skjalamála sveitarfélaga sem eru afhendingarskyld til Þjóðskjalasafns en hefur þrisvar áður kannað stöðu skjalamála ríkisins (2004, 2012 og 2016). Niðurstöður könnunarinnar sýna að ástand skjalavörslu og skjalastjórnar hjá sveitarstjórnarskrifstofum sem eru afhendingarskyldar til Þjóðskjalasafns er þokkalegt. Meginvandi þeirra er að rafræn skjalavarsla á grundvelli reglna Þjóðskjalasafns og skil til safnsins er mjög skammt á veg komin. Í skýrslunni eru upplýsingar um könnunina, tölulegar niðurstöður og umfjöllun um meginniðurstöður. Þar eru einnig tillögur til úrbóta og nefnt hver gætu verið næstu skref í skjalavörslu og skjalastjórn sveitarstjórnarskrifstofa.



Til máls tóku Eiríkur G. Guðmundsson, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Anna Agnarsdóttir og Ágúst Sigurðsson.

10. Jafnlaunavottun Þjóðskjalasafns.

Þjóðskjalavörður gerði grein fyrir að Þjóðskjalasafn Íslands hefur hlotið jafnlaunavottun. Þann 6. febrúar síðastliðinn fékk safnið heimild Jafnréttisstofu til að nota jafnlaunamerkið, heimildin gildir til 3. febrúar 2022. Jafnlaunavottun er staðfesting á að stofnunin starfræki launakerfi sem stenst kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012. Formlegum úttektum á jafnlaunakerfi Þjóðskjalasafns Íslands lauk í desember 2018. Það var BSI á Íslandi sem framkvæmdi úttektina. Jafnlaunakerfi Þjóðskjalasafns Íslands nær til allra starfsmanna stofnunarinnar. Þetta þýðir að Þjóðskjalasafn Íslands uppfyllir öll skilyrði lögbundins jafnlaunastaðals og er staðfesting á því að launakerfi stofnunarinnar standist kröfur um launajafnrétti kynja á vinnustöðum. Jafnlaunavottun felur í sér faglega úttekt á launum starfsfólks, starfaflokkun og öðrum þáttum sem hafa áhrif á kjör karla og kvenna. Meginmarkmið jafnlaunavottunar er að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Stjórnarnefnd lýsti yfir sérstakri ánægju með þennan áfanga.

Til máls tóku Eiríkur G. Guðmundsson, Jóhanna Gunnlaugsdóttir og Anna Elínborg Gunnarsdóttir.

11. Heimsókn mennta- og menningarmálaráðherra í janúar 2019.

Þjóðskjalavörður gerði grein fyrir að Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, hefði heimsótt Þjóðskjalasafn 18. janúar sl. Með í för ráðherra voru starfsmenn ráðuneytisins. Var ráðherra kynnt starfsemi safnsins og farin skoðunarferð um húsnæði.

Til máls tóku Eiríkur G. Guðmundsson, Gunnar Örn Hannesson og Anna Agnarsdóttir.

12. Nýtt skönnunarverkefni Þjóðskjalasafns og Ríkisskjalasafns Dana.

Þjóðskjalavörður gerði grein fyrir viðræðum sem hann hefur átt við fulltrúa Ríkisskjalasafns Dana um skönnun á skjölum sem tengjast Dönsku sendingunni 1928 og öðrum heimildum sem tengjast Íslandi í Ríkisskjalasafninu, alls um 300 hillumetrar. Ef verkefnið kemst í framkvæmd verða öll skjöl sem tengjast Dönsku sendingunni, sem eru grundvallarheimildir um sögu og stjórnsýslu Íslands á fyrri öldum, aðgengilegar á rafrænu formi fyrir alla til notkunar á vef Þjóðskjalasafns og Ríkisskjalasafnsins auk verslunarskjala og margvíslegra annarra skjala sem tengjast Íslandi sem eru í Ríkisskjalasafni Dana.

Til máls tóku Eiríkur G. Guðmundsson, Anna Agnarsdóttir, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Gunnar Örn Hannesson og Svanhildur Bogadóttir.

13. Frágangur fundargerðar.

Fundargerðin lesin og samþykkt.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:37.

Anna Agnarsdóttir (sign)

Jóhanna Gunnlaugsdóttir (sign)

Svanhildur Bogadóttir (sign)

Gunnar Örn Hannesson (sign)

Ágúst Sigurðsson (sign)